

# Tillaga að breytingu á lögum BÍS

## Núverandi grein 22:

“...Við kosningu skátahöfðingja, aðstoðarskátahöfðingja og formanns alþjóðaráðs skal þess gætt að þeir séu ekki allir af sama kyni...”

## Tillaga að breytingu:

“...*Við kosningu stjórnarmeðlima skal þess gætt að kynjahlutföll séu sem jöfnust....*”

## Rökstuðningur:

Upphaflega var þetta sett í lög til að tryggja að eitt þessara þriggja embætta væri skipað konu sem yrði þá fulltrúi BÍS í WAGGGS. Stjórn BÍS getur einfaldlega kosið/ákveðið hver innan hennar sé fulltrúi BÍS gagnvart WAGGGS hverju sinni en ekki bundið það við eitt þessara þriggja embætta.

Í nágildandi lögum eru engin önnur ákvæði um kynjahlutföll í stjórn og því mögulegt að mynda stjórn þar sem kynjahlutföll geta verið afar ójöfn, jafnvel þannig að öll nema eitt embætti sé skipað aðilum af sama kyninu. Það er því mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir slíkt þar sem stjórn á helst að endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins eins og kostur er hverju sinni.